

Ágætu foreldrar/forráðamenn

Nú er ljóst að skólastarf mun raskast verulega í ljósi takmarkana sem sóttvarnalæknir hefur sett.

Meginlínan í Gerðaskóla verður sú að nemendur eru í skólanum fyrir hádegi. Nemendur mæta þó á mismunandi tímum á morgnana og fara heim á mismunandi tímum. Skólaselið verður opið frá kl. 11:00 – 14:00. Ef foreldrar þurfa ekki að nýta sér þjónustuna meðan samkomubann gildir biðjum við ykkur að hafa samband við Önnu, skolasel@gerdaskoli.is.

Hér að neðan getið þið séð hvenær hver bekkur á að mæta og hvaða inngang á að nota:

1. bekkur mætir kl. 8:15 - 11:00 – notar inngang við 1. bekk.
2. bekkur mætir kl. 8:30 - 11:15 – notar inngang við 1. bekk.
3. bekkur mætir kl. 8:15 – 11:00 – notar aðalinngang.
4. bekkur mætir kl. 8:30 – 11:15 – notar aðalinngang.
5. bekkur mætir kl. 8:50 – 12:00 – notar aðalinngang.
6. bekkur mætir kl. 9:00 – 12:10 – notar aðalinngang.
7. bekkur mætir kl. 8:50 – 12:00 – notar unglíngainngang.
8. bekkur mætir kl. 9:00 – 12:10 – notar unglíngainngang.
9. bekkur mætir kl. 9:10 – 12:20 – notar unglíngainngang.
10. bekkur mætir kl. 9:20 – 12:30 – notar inngang við gervigrasvöll

Við höfum skipt nemendum í hópa þar sem hver hópur má ekki vera stærri en sem nemur 20 nemendum á sama svæði. Tímasetningarnar eru mismunandi því við megum ekki blanda hópum saman. Við biðjum ykkur að virða þessar tímasetningar, ekki senda börnin of snemma í skólann og ekki of seint.

Öll sundkennsla fellur niður en við reynum að koma úti hreyfitíma fyrir í dagsskipulaginu og því er mikilvægt að allir komi klæddir eftir veðri. List- og verkgreinakennsla fellur niður sem og valgreinar á unglíngastigi.

Matur verður afgreiddur inn í stofur áður en nemendur fara heim og verður boðið upp á samlokumáltíðir og ávöxt fyrir þá sem eru í áskrift hjá Skólamat. Við hvetjum nemendur til að koma með brúsa að heiman til að drekka vatn yfir daginn sem og með hádegismatnum. Nemendur verða á sínu svæði frá því þeir koma og þangað til þeir fara heim fyrir utan úti hreyfitíma. Því verða allir að hafa með sér hollt og gott nesti.

Á meðan að á þessum takmörkunum stendur eru foreldrar og aðrir beðnir um að koma ekki inn í skólann heldur senda frekar tölvupóst á viðkomandi kennara eða hringja.

Við munum taka á móti nemendum við inngangana og fylgja þeim þangað aftur þegar skóla lýkur.

Á þessum tímum skiljum við vel ef foreldrar vilja hafa börn sín heima og biðjum við ykkur þá að hafa samband við umsjónarkennara eða ritara.

Með von um gott samstarf,
skólastjórnendur Gerðaskóla